

Aðalfundur FENÚR haldin 18.mars kl. 11:00 á Engjavegi 7.

1. Fundur settur

Formaður Fenúr, Hrefna B. Jónsdóttir, setur fundinn formlega og því næst er kosning fundarstjóra. Samþykkt er að Hrefna verði fundarstjóri.

2. Félagaskrá lögð fram

Fundarstjóri leggur fram félagaskrá.

3. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðasta árs

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar Fenúr sem er hér meðfylgjandi:

„Ágæta samkoma.

Á aðalfundi sem fram fór þann 7. Júní 2023 voru eftirtaldir kosnir í stjórn FENÚR;

Baldvin Elíasson – Endurvinnslan

Elín Ásgeirsdóttir – Íslenska gámafélagið

Hrefna B Jónsdóttir - Sorpurðun Vesturlands hf.

Erna Björk Hasler – Terra

Freyr Eyjólfsson – SORPA

Varamenn, Eygerður Margrétardóttir og Geir Sigurður Gíslason, kosin til eins árs.

Sú er hér stendur var síðan kosin formaður til eins árs.

Stjórnin hélt fjóra stjórnarfundum á árinu, auk samskipta á tölvupóstum.

Frá 1. september starfaði Líf Lárusdóttir, fyrir FENÚR og hefur hún haft veg og vanda af utanumhaldi á heimasíðu, svörun tölvupósta o.fl. praktísk mál. Ég hef hins vegar haldið utanum fjármál.

Þar sem minnkað hafði fjármagn á reikningum félagsins var það mat stjórnar að hafa hægt um sig á starfsárinu. Starfsmaður var ráðin til að halda utanum verkefni eins og merkjaverkefnið þar sem samningur var þar um til 31.12.2023. Við skoðun á endurnýjun þess

samnings kom í ljós að FENÚR var ekki með nægjanlegan fókus á því verkefni, einkum vegna tíðra mannaskipta. Varð það því að samkomulagi að merkjaverkefnið færi út frá okkur og Samband íslenskra sveitarfélaga fyndi því varanlegri samastað. Á fundum sem fulltrúar stjórnar hafa átt við Sambandið hefur því verið komið vel á framfæri að verkefnið kalli á meiri fókus og má þar m.a. nefna kynningarstarf til fyrirtækja. Ábendingum hefur verið komið á framfæri um merki sem vantar í íslenska kerfið en þykir nokkuð stirt að fá þeim framgang. EUPicto heldur utanum verkefnið og á samnorrænu merkingarnar. Dæmi um merki sem rætt er um að vanti er; heyrúlluplast, brotajárn, sóttmengaður úrgangur og grófur úrgangur.

FENÚR stóð fyrir aðventufundi þann 22. nóvember og var hann haldinn í húsnæði Góða Hirðisins. Haldin voru þar erindi sem tengdust nýrri löggjöf og verkefnum sem tengjast breyttum aðstæðu. Sandra Brá Jóhannsdóttir, nýráðin framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs koma á fundinn og sagði frá gengi sjóðsins að fóta sig í nýjum aðstæðum. Jóns Frantzon, forstjóri Íslenska gámafélagsins sagði okkur frá því hvert við erum komin, „hættum að urða“ og enn bættri aðstöðu flokkunar í starfsemi þeirra á Esjumelum. Að lokum sagði Gunnar Dorfi, þróunarstjóri SORPU sagði okkur frá samræmingu og sérsöfnun á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Líf sá um að taka fundinn upp og var upptakan aðgengileg í streymi í gengum facebooksíðu Fenúr í 3 vikur á eftir.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða aðeins starfsemi FENÚR. Ég hef setið í stjórn félagsins með mörgu góðu fólki og á tímum mikilla umsvifa FENÚR og má þar nefna tímabilið þegar merkjaverkefnið var í vinnslu. Nú er það á undanhaldi og finnst mér nú þurfa að hressa upp á starfsemina. Upp hafa komið hugmyndir um gírug verkefni sem tengjast hringrásarhagkerfinu en þá eru aurarnir í buddunni fljótir að hverfa.

Fyrir mér hefur það ávallt verið mikilvægt að geta staðið upp frá mínum hefðbundnu störfum og fara á FENÚR fund, hitt kollega í bransanum og tengst nýju fólki á þessum vettvangi, svo eitthvað sé nefnt. Hér hefur verið staðið fyrir kynningum á ýmsum málefnum sem hafa verið í brennidepli hverju sinni. Erlendir fyrirlesarar hafa komið til landsins og flutt okkur fréttir og ýmsa gagnlega vitneskju. FENÚR hefur tekið þátt í norrænu og alþjóðasamstarfi og er aðili að International Solid Waste Association (ISWA) fyrir hönd Íslands.

Fyrsti ISWA fundur ársins fór fram þann 19. febrúar síðastliðinn og var haldinn á Teams. Á fundinum var rætt um COP28 ráðstefnuna ásamt því að tilkynnt var um að ISWA heimsþingið þetta ár fer fram í Suður Afríku 15.-18. september næstkomandi í fyrsta sinn á afrískri grund.

ISWA heimsþingið er alþjóðleg samkoma þar sem fundarhöld mæta tæknilegum vettvangsheimsóknnum. Á þessum vettvangi koma saman sérfræðingar í úrgangsstjórnun, embættismenn, leiðtogar iðnaðarins, stefnumótendur, vísindamenn og sérfræðingar sem taka þátt í uppbyggilegum samræðum til að hvetja til vísindalegra og tæknilegra framfara í sjálfbærri meðhöndlun á úrgangi. Fenúr er með atkvæðisrétt á fundinum.

Að lokum ræddi formaður að nú væri lag að halda góða ráðstefnu á haustdögum sem tæki fyrir mörg þeirra verkefna sem unnin hafa verið á ettvangi úrgangsmála frá því ný löggið var innleidd.

Pakka stjórn samstarf.“

4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár

Formaður fór yfir ársreikninga félagsins fyrir árið 2023. Samþykktir samhljóða.

5. Rekstraráætlun fyrir næsta ár

Kynnt. Samþykkt samhljóða.

6. Umfjöllun um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Lítið var rætt undir þessum lið.

7. Framkomnar tillögur

Engar.

8. Ákvörðun um árgjald

Formaður lagði fram tillögu um 4% hækkun aðildargjalda. Samþykkt.

9. Kjör formanns

Lagt var að Hrefnu að halda áfram sem formaður. Tillaga sett fram þess efnis og var hún samþykkt.

10. Kjör allt að fjögurra stjórnarmanna auk tveggja varamanna

Á aðalfundi Fenú 2023 var stjórn skipuð til tveggja ára svo að eingöngu þurfti að kjósa varamenn en aðalfundur samþykkti þau Kristján Ólafsson frá Moltu og Geir Sigurður Gíslason.

11. Kjör skoðunarmanna

Karl Eðvaldsson og Stefán Guðsteinsson voru endurkjörnir.

12. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu á fundinum.

Aðalfundi slitið kl. 11:40